

Ár 2021, mánudaginn 23. ágúst, kl. 11:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands(KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni dómsformanni, Feldísi Lilju Óskarsdóttur og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið

mál nr. 2/2021

Knattspyrnufélagið Ásvellir

gegn

Knattspyrnudeild UMFÁ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Feldís Lilja Óskarsdóttir og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 16. ágúst 2021, þar sem kröfum Knattspyrnufélagsins Ásvalla (KÁ) var hafnað.

Áfrýjun á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 19. ágúst 2021 þar sem KÁ gerir þær kröfur að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði ómerktur og að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar til efnislegrar meðferðar.

II

Í áfrýjun knattspyrnufélagsins Ásvalla til áfrýjunardómstóls KSÍ er því haldið fram að forsendur í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar séu í grundvallaratriðum rangar án þess þó að fyrir liggi nokkur gögn því til stuðnings. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 14/2021 er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]